

Akureyrarbær  
Anna Bragadóttir  
Geislagötu 9  
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. júní 2013  
Tilvísun: UST20130400066/ksj


### Lýsing. Tillaga að breytingum á Aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018


Vísað er til erindis skipulagsstjóra Akureyrarbæjar er barst 10. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skipulagslýsingu vegna tillögu á breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018. Tillaga að breytingu ofangreinds aðalskipulags sem lýsingin fjallar um felur í sér eftirfarandi: Reiðleiðakerfi verður endurskoðað, afmörkun hafnarsvæða og svæða fyrir siglingaaðstöðu verða endurskoðuð og að heimild verði veitt fyrir íbúðarhúsi í landi Hesjuvalla.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að náttúruminum verði ekki raskað við lagningu reiðleiða og undirstrikar mikilvægi þess að tekið verði tillit til náttúruminja við áætlun reiðleiða. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að tryggja varðveislu ósnortinnar strandlengju innan marka Akureyrar. Umhverfisstofnun tekur undir áherslur skipulagsnefndar um að tekið verði mið af staðháttum á svæðinu þegar mannvirki eru áætluð að Hesjavöllum og að mannvirkið falli vel að umhverfi og landslagi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ekki verði neikvæð sjónræn áhrif af byggingu á Hesjavöllum.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir lýsingu vegna tillögu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018, reiðleiðir, afmörkun hafnarsvæða og Hesjuvellir og gerir að öðru leyti ekki athugasemd við lýsinguna. Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun